

UPPE2UM05 - FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Kennsluáætlun í uppeldisfræði Vorönn 2019

Markmið áfangans er að kynna uppeldisfræðina sem fræðigrein og efla skilning nemenda á þeim þáttum sem hafa áhrif á líf barna í nútímaþjóðfélagi. Einnig er nemendum gefin innsýn í þá hugmyndafræði sem nútíma uppeldisfræði byggir á. Sögulegur bakgrunnur er kynntur og helstu kenningar skoðaðar.

Kennslubækur og önnur kennslugögn: **UPPELDI** eftir Guðrúnu Friðgeirsdóttur og Margréti Jónsdóttur, og tilfallandi greinar eða efni sem kennari bendir á eða afhendir í tíma. Mappa undir tímaverkefni annarinnar.

Áætlun um yfirferð:

- 2.-5. vika 1.-2. kafli: Fjallað um fræðigreinina uppeldisfræði og sögu hennar. Nemendur gera verkefni tengt sögunni (flutningur í tíma). Farið verður í sögu skólahalds og ýmislegt rætt sem tengjast upphafi leikskólahalds á Íslandi. **1. próf.**
- 6.-8. - 3.-4. kafli: Helstu þroskakenningar - Kynhlutverk og uppeldi. **2. próf**
- 9.-10. - 5. kafli: Samskipti við börn. -Heimsóknir í leikskóla.
- 11.-13. - 6.-9. kafli: Listir í lífi barna og barnamenning - Barnateikningar - Börn og bækur - Börn og fjölmiðlar – Leikir og leikföng. **3. próf**
Vinna að verkefni um uppeldislegt gildi menningartengdra þátta sem falla undir barnamenningu og flutningur á því.
- 14.-15. - Íþróttir og uppeldi – Áföll og kvíðavaldar í lífi barna - Börn og hjónaskilnaðir. **4. próf**

Eftir páskafrí verður farið í grunnskólaheimsóknir, unnið við heimildarverkefni. Skrap og möppuskil

Skil á verkefnamöppu verða í lok annarinnar.

Námsmat:

Próf tekin á önninni (alls 4)	- 40%
Verkefnamappa	- 15%
Verkefni úr sögu uppeldishugmynda	- 10%
Heimsókn í leikskóla - skýrsla	- 10%
Heimildaverkefni	- 10%
Heimsókn í grunnskóla - skýrsla	- 5%
Verkefni tengt barnamenningu	- 5%
Kennaraeinkunn (mæting)	- 5%
Alls	100 %

ATH. Prófdagar verða tilkynntir í kennslustundum og á Innu. Í Innu verða einnig birt öll verkefni og glærur áfangans.

Til þess að standast kröfur áfangans verða nemendur að taka öll 4 aðalpróf hans og ná meðaleinkunninni 4,5 úr þeim. Einnig þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunninni 4,5 sem heildareinkunn úr áfanganum.

Nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað. Kennara ber ekki skylda til að taka við verkefnum eftir að tilskilinn skiladagur þeirra er liðinn hjá.

Með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 3. janúar 2019

Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir
ingibjorg@fsu.is eða
ingibjorgolof@gmail.com

Viðtalstímar verða á miðvikudögum, á Bollastöðum kl.12:50 – 13:45